

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1829  
komudagur 17.3.2008



Alþingi  
Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfasími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
[kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

Reykjavík 14. mars 2008  
Tilvísun: Fvr 2008030013 IKHS

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum.**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum* (hér eftir nefnd kirkjugarðalög).

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem verið er að gera á lögnum nú, en stofnunin hefði viljað sjá fleiri breytingar á gildandi kirkjugarðalögum.

Ástæðan er sú að í lögnum eru ýmis ákvæði sem snerta fornleifar og stangast á við gildandi þjóðminjalög nr. 107/2001.

Þannig eru í 16. gr. kirkjugarðalaga ákvæði um að leitað skuli til ýmissa umsagnaraðila við stækkun kirkjugarðs eða gerð nýs garðs, en hvergi minnst á að leitað skuli umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Kirkjur og kirkjugarðar standa undantekningarlítið á sama stað öldum saman, og er því mikil hætta á röskun fornleifa við allar framkvæmdir við garðana.

Í 26. gr. er ákvæði sem heimilar kirkjugarðsstjórnnum að fjarlægja ónýtar girðingar og minnismerki af leiðum og ráðstafa minnismerkjum eldri en 75 ára ef enginn hefur óskað friðunar á þeim, eða að láta hefja úr moldu gömul minnismerki ef þörf krefur. Minningarmörk í kirkjugörðum, 100 ára og eldri, falla þó undir ábyrgð Fornleifaverndar ríkisins skv. þjóðminjalögum og er ekki tekið tillit til þess ákvæðis í kirkjugarðalögum.

Í 31 gr. er kveðið á um að niðurlagðir kirkjugarðar séu friðhelgir og teljist til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Í 32. gr. er síðan ákvæði sem berlega er í mótsögn við fyrri grein, og þjóðminjalög, en þar segir að 20 árum eftir niðurlagningu kirkjugarðs geti safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð eða látið slétta garðinn, án þess að minnst sé á samráð við yfirvöld fornleifamála.

Í 33. gr. kirkjugarðalaga er kveðið á um að vandamenn eigi rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan. Þetta ákvæði er í andstöðu við gildandi þjóðminjalög ef garðarnir eða minningarmörkin eru eldri en 100 ára. Ljóst er að brýnt er að samræma þessi tvenn lög.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður